



Minnisblað sveitarstjóra vegna breytinga á fasteignasviði Flóahrepps

Á vinnufundi sveitarstjórnar í janúar 2025 voru lagðar fram hugmyndir um breytingar á skipulagi fasteigna- og viðhaldsverkefna sveitarfélagsins. Markmið breytinganna var að sameina undir eitt svið þá starfsmenn sem sinna umsjón, eftirliti, húsvörslu, viðhaldi fasteigna og öðrum eignum sveitarfélagsins.

Frá þeim tíma hafa breytingarnar að mestu komið til framkvæmda. Starfsmenn sem sinna viðhalds- og umsjónarverkefnum sveitarfélagsins starfa nú undir fasteignasviði sveitarfélagsins og verkefnum hefur verið endurskipað í samræmi við það skipulag sem sveitarstjórn markaði stefnu um.

Til að ljúka innleiðingu breytinganna þarf nú að gera nokkrar formlegar breytingar á skipuriti og starfsumhverfi fasteignasviðs.

Tillögur að breytingum

1. Breyting á starfsheiti

Lagt er til að starfsheiti umsjónarmanns fasteigna verði breytt í forstöðumann fasteignasviðs.

Breytingin felur ekki í sér breytingu á ráðningarsamningi að öðru leyti eða breytingu á launakjörum heldur hefur það markmið að starfsheitið endurspegli betur þá ábyrgð og það hlutverk sem starfið felur í sér samkvæmt núverandi skipulagi. Starfið felur meðal annars í sér umsjón með starfsmönnum fasteignasviðs, verkstjórn verkefna, samskipti við stjórnendur stofnana sveitarfélagsins og yfirsýn yfir viðhalds- og rekstrarverkefni sveitarfélagsins.

2. Uppfærsla starfslýsingar

Lagt er til að starfslýsing verði endurskoðuð og uppfærð í samræmi við núverandi verkefni og skipulag.

Í núgildandi starfslýsingu eru verkefni sem hafa tekið breytingum með breyttri verkaskiptingu.

Þörf er á að starfslýsing endurspegli með skýrari hætti:


- ábyrgð á verkstjórn og verkefnastjórnun innan fasteignasviðs,
- eftirfylgni með viðhaldsverkefnum og fjárheimildum,
- samskipti við stjórnendur stofnana sveitarfélagsins,
- umsjón með fasteignum, búnaði og eignum sveitarfélagsins,
- samhæfingu verkefna starfsmanna fasteignasviðs.

3. Uppfærsla skipurits

Lagt er til að skipurit sveitarfélagsins verði uppfært þannig að það endurspegli raunverulegt skipulag fasteignasviðs.



Fasteignasvið verði skilgreint sem sérstakt starfssvið undir sveitarstjóra með eftirfarandi uppbyggingu:



Með þessari breytingu verður stjórnun, ábyrgð og boðleiðir skýrari bæði gagnvart starfsmönnum fasteignasviðs og stjórnendum þeirra stofnana sem fasteignasviðið þjónustar. Skipulagið er jafnframt í samræmi við þær hugmyndir sem sveitarstjórn hefur áður fjallað um.

Ávinningur breytinganna

Með framangreindum breytingum:

- verður ábyrgð, stjórnun og verkaskipting innan fasteignasviðs skýrari,
- styrkjast samskipti og samráð milli starfsmanna fasteignasviðs,
- verður auðveldara að samhæfa viðhalds- og framkvæmdaverkefni sveitarfélagsins,
- skapast skýrari tengiliður gagnvart stjórnendum stofnana sveitarfélagsins,
- endurspeгла starfsheiti, starfslýsing og skipurit betur raunverulegt skipulag

Þingborg 14.08.2026

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri